

41. Stjórnarfundur Nýheima 10. 12. 2014

Fundur hefst í Gömlubúð kl. 10:00

Mætt eru: Vala Björg Garðarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Helga Árnadóttir, Zophonías Torfason, Árdís Erna Halldórsdóttir og Hrafnkell Guðnason sem fundar í gegnum skype.

Fundarstjórn: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

Forföll kynntu: Þorvarður Árnason

Efni:

1. Hrafnkell Guðnason tekur við stjórnarsetu í NÞ fyrir hönd Háskólafélags Suðurlands af Steingerði Hreinsdóttur sem hefur látið af störfum hjá félaginu. Hrafnkell er boðinn velkominn til starfa í stjórn Nýheima og aðrir stjórnarmenn kynna sig fyrir honum.
2. **Þátttaka í gerð leiðbeininga um göngustígagerð. Samstarfsverkefni Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar, Skógræktar Ríkisins og Ferðamálastofu.**
Davíð kynnir að ofangreindir aðilar hafi boðið NÞ að taka þátt í leiðbeiningariti um göngustígagerð. Þetta kom fram í samtali á milli Jóhanns Helga, verkefnastjóra Jöklastígsins og Andrésar Arnalds hjá Landgræðslunni. Vala bendir á að það hafa margir komið að göngustígagerð hér í sveitarfélaginu og að það sé mikilvægt að öll sú þekking og reynsla nýtist við áframhaldandi vinnu. Heilmikil vinna hefur verið lögð í göngustíga á svæðinu og við höfum því mikið til málanna að leggja. Áhugi að taka þátt í verkefninu. Ákveðið að Davíð og Jóhann Helgi hafi samband við Andrés Arnalds og kanni nánar hvað felist í verkefninu.
3. **Áfangafundur NÞ með MMR í liðinni viku. Starfsáætlun, ársskýrsla og uppgjör. Ragnhildur og Davíð sátu fundinn.**

Davíð kynnti þau verkefni fyrir ráðuneytinu sem Nýheimar hafa unnið að og eru í bígerð. Einkum kynnti hann það sem hefur gerst síðan hann tók við störfum s.l. sumar. Fundurinn var jákvæður og hvetjandi. Fundarmenn ráðuneytisins lögðu mikla áherslu á gott samstarf við Kirkjubæjarklaustur og að það svæði njóti góðs af starfsemi þekkingarsetursins eins og kemur fram í samningnum við ráðuneytið. Það er fullur vilji hjá NÞ að vinna vel með Klaustri. Ákveðið að Davíð finni tíma og stað til að bjóða þeim aðilum sem við höfum fundað með á Klaustri í heimsókn til okkar snemma á nýju ári.

Á fundinum var NÞ innt eftir eingreiðslunni til Fræðslunets Suðurlands fyrir árið 2014 og kom skýrt fram að það hafi verið einskiptis aðgerð.

Davíð upplýsti að vinna við starfsáætlun, ársskýrslu og uppgjör fyrir NÞ sé hafin og að henni verði lokið með góðum fyrirvara.

4. MMR kallar eftir SVÓT-greiningu frá NÞ. Davíð gerir grein fyrir óskum ráðuneytisins.

Hrafnkell kynnir að starfsmenn Háskólafélags Suðurlands hafi verið í svipaðri vinnu með félagið, og segir hann mikilvægt að átta sig á að þetta er annarsvegur innri greining og hinsvegur ytri greining. Þau lögðu meiri áherslu á ytra umhverfið, en eiga eftir að vinna betur með styrkleikana og veikleikana sem eru innra umhverfið. Til þess að ná sem best utan um þá þætti sem eru mikilvægir þá notuðu þau Pestel greiningu.


Hjá NÞ var lögð áhersla á að vinna verkefnið á einfaldari hátt þar sem hver og einn setti niður punkta um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri varðandi háskóla- og vísindastarfsemi innan NÞ og gerði grein fyrir þeim á fundinum. Góðar umræður sköpuðust í kjölfarið. Davíð fær alla punktana í sínar hendur til að setja saman í eitt skjal og senda til ráðuneytisins fyrir 15. desember.

5. Önnur mál

Kristín upplýsir að Náttúrustofa og Háskólasetrið hafi haft samband við hafnarstjórn og bent þeim á að innan Nýheima séu möguleikar til að vinna fjölþættar rannsóknir og því góður fyrsti valmöguleiki þegar vinna á verkefni á vegum hafnarinnar. Hefur hafnarstjórn nú þegar boðið þeim á fund til sín og er hvatt til að aðrar stofnanir innan NÞ fari í álíka útrás.

Árdís leggur til að NÞ setji jólakveðju í Eystrahorn. Davíð fylgir málinu eftir.

Fundi slitið kl. 11:55.



Kristín Jónsdóttir
Árdís Ema Halldórsdóttir